




## Alþýðusamband Íslands


Undanfarin tvö ár hafa einkenst af mikilli verðbólgu sem einkum má rekja til gengisfalls krónunnar og aukinna opinberra álagna á neysluvörur. Þær breytingar hafa hins vegar skilað sér með mjög misjöfnum hætti út í verðlag og því er fróðlegt að horfa til baka og rýna nánar í tölur sem gefa upplýsingar um þróun einstaka undirliða í vísitölu neysluverðs.




Líkt og við er að búast hefur verðlag á innfluttum vörum heilt yfir þróast í takt við gengi krónunnar en eins og sjá má á myndinni hér að ofan, sem sýnir verðþróun á nokkrum vöruflokkum sem samanstanda að öllu eða langmestu leiti af innfluttum vörum, er nokkur munur á því hversu mikið þessar vörur hafa hækkað í verði á síðustu tveimur árum. Breytingar á gengi krónunnar skila sér jafnan ört inn í verðlag á matvöru og á síðustu tveimur árum hefur verð á innfluttum mat- og drykkjarvöru hækkað um ríflega 70% á sama tíma og gengi krónunnar hefur veikst um tæplega 90%. Verðlag á fötum og skóm hefur sömuleiðis fylgt gengisþróuninni vel eftir, og hækkað um tæp 70% frá því í upphafi árs 2008, með frávikum þegar árstíðarbundnar útsölur eru haldnar. Húsgögn og ýmiss heimilisbúnaður hafa hækkað um ríflega 50% á

síðustu tveimur árum og verð á nýjum bílum og varahlutum í bíla hefur sömuleiðis hækkað um tæplega 50% á tímabilinu.

Verð á innfluttum vörum samanstendur af innkaupsverði sem greitt er í erlendri mynt og á þann hluta hafa gengisbreytingar áhrif. Á innkaupsverðið leggst álagning heiltsala og smásala sem stendur undir innlendum kostnaði þessara aðila, vegna launa, húsnæðis, fjármagnskostnaðar og annars rekstarkostnaðar, sem í flestum tilvikum breytist ekki í takt við gengi krónunnar. Þótt hlutfallið milli innkaupsverðs og innlendra kostnaðarpátta í vöruverði innfluttra vara sé misjafnt eftir vörum og söluaðilum þá liggur ljóst fyrir að innlendir kostnaðarpættir hafa ekki gefið tilefni hækkana á vöruverði í sama mæli og veikt gengi krónunnar.



Söluverð á áfengi og tóbaki, og bensíni og olíu sveiflast í minna mæli eftir gengi krónunnar en flestar aðrar innfluttar vörur þar sem stór hluti vöruverðsins eru skattar og gjöld sem hið opinbera leggur á vöruna. Álögur á þessar vörur hafa ítrekað hækkað undanfarin misserum og hefur verð á áfengi og tóbaki hækkað um 55% frá því í upphafi árs 2008 en þar af eru ríflega 20% vegna hækkana á opinberum álögum. Verð á bensíni og olíu er nú tæplega 50% hærra en það var fyrir tveimur árum og þar má sömuleiðis rekja ríflega 20% til hækkaðra álaga.



Húsnæðiskostnaður náði hámarki í upphafi árs 2009 og hefur síðan sigið niður á við og er sá liður sem undanfarið ár hefur helst haldið aftur af hækkun á vísitölu neysluverðs. Húsnæðiskostnaður nálgast nú að vera svipaður og fyrir tveimur árum. Gjöld fyrir ýmsa þjónustu ríkis og sveitarfélaga hafa á undanföllum tveimur árum hækkað um 11% og á sama tíma hefur verð á almennri þjónustu hækkað um fimmting. Þá hefur verð á vörum sem framleiddar eru innanlands hækkað um 30% á sama tímabili. Þess má geta að vörugjöld voru lögð á ýmiss matvæli ss. sætindi og drykkjarvörur sl. haust og almennur virðisaukaskattur var hækkaður um 1 prósentustig nú í upphafi árs.

Haldist gengi krónunnar stöðugt má áætla að á komandi mánuðum hægi á verðhækkunum og meiri stöðugleiki komist á almennt verðlag. Eins og meðfylgjandi myndir sýna hefur lágt gengi krónunnar þegar skilað sér í herra verðlagi til neytenda og innlendir kostnaðarþættir gefa ekki tilefni frekari hækkana.

Henný Hinz,  
hagfræðingur ASÍ